



HRUNAMANNAREPPUR

38. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

2. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 18. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 10. fundar frá 9. janúar 2024.**
Lögð fram fundargerð 10. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Varðandi lið 3, dagsetningu á Heilsuviku Hrunamannahrepps þá var það ætlun nefndarinnar að hafa heilsuvikuna í vikunni á eftir réttum en vegna misskilnings þá er dagsetning sem kemur fram í fundargerðinni viku of snemma. Því leggur sveitarstjórn til að Heilsuvika Hrunamannahrepps verði haldin dagana 16. – 23. september 2024. Fundargerðin er að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. **Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 1. fundar frá 17. janúar 2024.**
Lögð fram fundargerð 1. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Varðandi lið 7, Vatnsveita í uppsveit Hrunamannahrepps, þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að ráðist verði nú þegar í hönnun á vatnsveitu í efri byggðum Hrunamannahrepps með það að markmiði að vatnsupptakan verði við Blákvísl á Hrunamannafrétti.

Varðandi lið 8, umræða um heitt vatn frá Kópsvatni þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða afgreiðslu nefndarinnar um að samið verði við rágjafa um skoðun á sem bestri nýtingu vatnsins.

Varðandi lið 9, samningur við Ísor þá samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu nefndarinnar.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

3. **Fundargerð 272. fundar skipulagsnefndar frá 10. janúar sl.**
Lögð fram fundargerð 272. fundar skipulagsnefndar frá 10. janúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 25. Borgarás og Efra-Sel: Frístundabyggð við Kjóabyggð; Kjóabraut 7-12; Stærðir og lóðamörk; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting sem tekur til Kjóabrautar 7-12 innan frístundabyggðar í Kjóabyggð. Í breytingunni felst breyting á afmörkunum Kjóabrautar 7, 9, 11, 8, 10 og 12 auk þess sem lóð Kjóabrautar 12 stækkar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega

AA

DGS
ARF

JB

BSV

breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt öllum hlutaðeigandi lóðarhöfum auk landeigenda upprunalands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt öllum hlutaðeigandi lóðarhöfum auk landeigna upprunalands.

Mál nr. 26. Reykjabakki: Reykás; Breytt heiti lóðar.

Lögð er fram umsókn Sólveigar Sigfúsdóttur er varðar breytt staðfang íbúðarhúsaloðarinnar Reykjabakka. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Reykás. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við breytt staðfang lóðarinnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir samhljóða breytt staðfang lóðarinnar.

Erindi til sveitarstjórnar:

4. Umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis frá 3. janúar 2024.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (málsmeðferð og skilyrði), 27. mál.

Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 9. janúar 2024.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu til upplýsingar um stöðu á heildarendurskoðun á lagaumgjörð og úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í bréfi ráðherra kemur fram að ákeðið hefur verið að áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs er gert að greiða borginni allt að 5,5 ma.kr. með vöxtum og verðbótum. Á meðan að óvissa ríkir um niðurstöðuna hefur ráðherra ákveðið að beita sér ekki fyrir því að frumvarp til laga um breytingar á Jöfnunarsjóði verði afgreiddar á yfirstandandi löggjafarþingi.

Sveitarstjórn harmar niðurstöðu Héraðsdóms en ef endanleg niðurstaða verður með sama hætti er ljóst að ráðherra telur að lækka þurfi öll framlög til sveitarfélaga í kjölfarið. Sveitarstjórn fagnar þó um leið þeirri ákvörðun að hætt verði við framkomið frumvarp um breytingar á Jöfnunarsjóði þar sem þær breytingar sem þar stóðu fyrir dyrum hefðu haft afar afdrifaríkar afleiðingar og neikvæð áhrif á fjárhagslega afkomu Hrunamannahrepps.

6. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 10. janúar 2024.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með boðun á landsþing sambandsins sem fram fer fimmtudaginn 14. mars n.k.

Lagt fram til kynningar.

7. Auglýsing um skrá yfir störf hjá Hrunamannahreppi sem eru undanskilin verkfallsheimild.

Lögð fram auglýsing um skrá yfir störf hjá Hrunamannahreppi sem eru undanskilin verkfallsheimild.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða auglýsinguna um skrá yfir störf sem undanþegin eru verkfallsheimild.

Handwritten notes in blue ink:
H
DGS
AGJ
BL

8. Bréf frá Guðmundi Kristinssyni frá 29. desember 2023.

Lagt fram bréf frá Guðmundi Kristinssyni þar sem hann staðfestir að hann hyggst nýta kauprétt sinn á Akurgerði 4 á Flúðum sem hann á skv. kaupsamningi um Hrunamannaveg 3, frá 22. febrúar 2023.

Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að ganga frá kaupsamningi í samræmi við ákvæði um kauprétt.

9. Bréf frá Jóhönnu Bríeti frá 16. janúar 2024.

Lagt fram bréf frá Jóhönnu Bríeti þar sem spurt er hvort það hafi verið mistök að rukka fullt gjald fyrir leikskólavistun í desember þrátt fyrir lokun vegna vinnutímastyttingar.

Sveitarstjórn hefur hér eftir sem hingað til lagt ríka áherslu á að veita góða þjónustu og halda álögum á íbúa lágum. Áskoranir hafa verið í starfi Leikskólans Undralands rétt eins og í leikskólastarfi víðast hvar á landinu og á mörgum stöðum eru biðlistar eftir leikskólaplássum langir. Hér í Hrunamannahreppi, sem betur fer, komast flest börn eins og sakir standa inn frá 16 mánaða aldri. Foreldrar eiga svo einnig rétt á heimgreiðslum frá 12 mánaða aldri barns og þar til það fær boð um leikskólavistun. Rétt er einnig að geta þess að leikskólagjöld hér í Hrunamannahreppi eru með þeim lægstu sem finnast hér á svæðinu og munar þar oft töluverðu. Kostnaður sveitarfélagsins við rekstur Undralands lækkar ekki þrátt fyrir lokun skólans milli jóla og nýárs. Gjaldskrá Leikskólans miðast við mánaðargjald, óháð skóladagatali leikskólans. Fyrstu 6 tímar í vistun eru fríir og svo bætast vistunargjöld eftir gjaldskrá skólans. Það er því að mati sveitarstjórnar ekki mistök í rukkun leikskólagjalda fyrir desember 2023 og er hún í fullu samræmi við gildandi gjaldskrá leikskólans Undralands.

10. Umsókn um byggingarlóð.

Fyrir fundinum liggur lóðaumsókn um lóðina „Spennistöðvarlóð við Ögmundartanga“.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina samhljóða.

11. Samkomulag milli Greenhouse Spa ehf. og Hrunamannahrepps.

Lagt fram samkomulag milli Greenhouse Spa ehf. og Hrunamannahrepps vegna lóða við Reynihlíð.

Sveitarstjórn fagnar því að samningar skuli hafa tekist um uppbyggingu á lóðum við Reynihlíð og Víðihlíð á svæði sem oft er kennt við Laxárhlíð. Í samningnum er gert ráð fyrir því að á reitnum rísi aðlaðandi starfsemi sem styrkja mun Hrunamannahrepp sem enn betri áfangastað ferðamanna og ekki síður sem eftirsóknarverðan búsetukost.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur sveitarstjóra og oddvita að undirrita hann.

12. Leigusamningur um 5 skálasvæði á Hrunamannafrétti.

Lagður fram leigusamningur um 5 skálasvæði á Hrunamannafrétti milli Hrunamannahrepps og Kerlingarfjalla ehf.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með að samingar skuli hafa tekist um leigu á fimm skálum og skálasvæðum á Hrunamannafrétti en svæðin voru auglýst eins og lög um þjóðlendur gera ráð fyrir. Á þremur svæðanna, Svínárnesi, Helgaskála og í Leppistungum, eru skálar í dag. Á tveimur svæðum, Efri-Kisubotnum og Grákollu, eru ekki byggð skálasvæði. Samningurinn er gerður á grundvelli samþykktar sveitarstjórnar frá 16. nóvember 2023 þar sem forsendur að samningi voru lagðar fram. Sveitarstjórn samþykkir leigusamninginn samhljóða og felur sveitarstjóra og oddvita að undirrita hann að undangengnu samþykki forsætisráðuneytisins.

LAG
DGS
ARS
JTB
BV

13. Erindisbréf Skólanefndar Hrunamannahrepps.

Lagt fram erindisbréf Skólanefndar Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið samhljóða en skólanefnd hefur þegar samþykkt erindisbréfið fyrir sitt leyti.

14. Stofnsamningur og Ársreikningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Lagður fram stofnsamningur og ársreikningur fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. til síðari umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

15. Lög um búfjárhald – umræða um lausagöngu búfjár.

Lögð fram lög um búfjárhald til umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir að fela Umhverfisnefnd að ræða um lausagöngu búfjár og hvort að tilefni sé til að skoða málið með frekari hætti.

16. Breyting á reglum um lóðaúthlutun.

Lagðar fram breytingar á reglum um lóðaúthlutun. Breytingarnar fela í sér að tekið verður upp staðfestingargjald við úthlutun lóða sem verður ekki endurgreitt nema að fenginni lokaúttekt byggingafulltrúa á viðkomandi húsi. Sé staðfestingargjald ekki greitt innan 15 daga frá úthlutun lóða þá fellur úthlutunin sjálfkrafa niður og án sérstakrar tilkynningar.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar samhljóða.

17. Minnisblað frá Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar.

Lagt fram minnisblað frá Lögmannsstofu Ólafs Björnssonar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ganga ekki til samninga við aðila máls á þessu stigi.

Fjárhagsleg málefni:

18. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið 2024

Lagðar fram reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið 2024.

Sveitarstjórn hefur ríkan vilja til að gera vel við tekjulægri eldri borgara og öryrkja og samþykkir reglurnar samhljóða sem gera ráð fyrir nokkurri hækkun viðmiðunartekna frá fyrra ári.

Mál til kynningar:

19. Bókun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 10. janúar 2024.

Lagt fram til kynningar.

Skipan í nefndir og ráð:

20. Skipan varamanns fyrir D-listann í Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd.

Skipan varamanns í Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ásta Rún Jónsdóttir verði varamaður D-listans í nefndinni í stað Gunnhildar Guðmundsdóttur sem flutt hefur úr sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:51.

Þaði Geir Samuelsen
Alexandra Þórhjánnedóttir
Barney Vigfusdóttir
Alfríður Ragnarsdóttir